

Framlenging á rammasamningi

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og ljósmæðra eða fyrirtækja þeirra (hér eftir hvort um sig nefnd verksali), sem fengið hafa samþykkt SÍ til að starfa samkvæmt samningi um þjónustu ljósmæðra vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum, dags. 15. september 2021, er hér með framlengdur til og með 31. desember 2023.

Eftirfarandi gjaldliður bætist tímabundið við 5. gr. rammasamningsins og reynsla metin að sex mánuðum liðnum:

Heimavitjun			
Nr. gjaldliðar	Gjaldliður	Hámarksfjöldi vitjana	Ein.
81	Vitjun eftir síðfósturlát (2,0 klst.). Vitjun eftir síðfósturlát eða þungunarrof miðast við fósturlát frá 12. til og með 22. meðgönguviku. Sjá nánar í skilgreiningu. Miðað er við að vitjanir séu innan þriggja vikna frá fósturláti.	2	36

Skilgreining: Gjaldliður þessi er til að koma móts við þarfir kvenna sem gengið hafa í gegnum síðfósturlát eða þungunarrof, um þjónustu ljósmóður í kjölfar útskriftar af sjúkrahúsi. Beiðni þarf að berast frá sjúkrahúsi.

Að öðru leyti framlengist gildandi samningurinn óbreyttur til og með 31. desember 2023.

Reykjavík 12. október 2023

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti